

Eineltisstefna Sólvalla. Aðgerðir gegn einelti

Starfsfólk leikskólans Sólvalla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verði liðið í skólanum. Öll mál sem upp koma verða leyst á sem farsælastan hátt fyrir alla aðila. Leikskólinn Sólvellir er öruggur vinnustaður bæði fyrir starfsfólk og nemendur.

Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti er stöðug vinna en ekki átaksverkefni og verður það ávallt haft í huga.

Hvað er einelti?

Einelti er áreiti af því tagi að ofbeldi beinist að einni manneskju í lengri eða skemmri tíma. Orðið einelti er yfirleitt notað um endurtekið atferli.

Einelti getur birst í mismunandi myndum en þær algengustu eru líkamlegar árásir, höfnun og stríðni.

Það getur verið:

1. Líkamlegt (barsmíðar, spörk, hrindingar, skemmdarverk)
2. Munnlegt (uppnefni, niðrandi athugasemdir og endurtekin stríðni)
3. Óbeint (baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi)
4. Einelti getur verið mjög dulið og oft er erfitt fyrir starfsfólk að festa hendur á því

Hver eru áhrif eineltis?

Áhrif eineltis á einstaklinginn geta verið mismunandi.

- Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann, t.d. hann verður einmana og leiður, sjálfstraustið hverfur, áhuginn fyrir leiknum þverr og þolandinn verður spenntur og utangátta í skólanum.
- Alvarlegustu afleiðingar langvarandi eineltis eru þær að þolandi sýnir neikvæða hegðun, lystarleysi og þunglyndi. Sjálfsvígshugleiðingar hafa einnig sótt á þolendur eineltis.

Vísbendingar um einelti í skólanum.

1. Vill ekki fara í skólann og er hræddur, alltaf, stundum eða tímabundið.
2. Dregur sig í hlé og hættir að leika sér við það sem hann er vanur.
3. Líður illa og vill ekki segja hvað er að.
4. Verður árásgjarn og erfiður viðureignar.

5. Sjálfstraustið minnkar.
6. Grætur sig í svefn og fær martraðir.
7. Líkamlegar kvartanir og kvíðaeinkenni, t.d. höfuðverkir, magaverkir.
8. Svefn- og matarvenjur breytast.
9. Er með skrámur og marbletti sem ekki er hægt að skýra.

Fyrirbyggjandi aðgerðir:

- Ávallt skal haft í huga að fyrirbyggjandi starf gegn einelti er stöðug vinna en ekki átaksverkefni.
- Mikilvægt er einnig að fræða foreldra og starfsfólk um stefnu skólans um að einelti og ofbeldi leyfist ekki.
- Yfirsýn yfir nemendahópana verður að vera í góðu lagi. Strax er tekið á samskiptavandamálum þegar þau koma upp.
- Allt starfsfólk skólans er nemendum fyrirmynd í framkomu.
- Starfsfólki ber að vinna fyrirbyggjandi gegn einelti. Sem dæmi um fyrirbyggjandi vinnu má nefna bókmenntir sem fjalla um samskipti, lífsleikni, hlutverkaleikir og almennar umræður.
- Allir starfsmenn skólans umgangast og leiðbeina nemendum með það markmið að skólastarfið sé með þeim hætti að einelti þrífist ekki.